

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/172**2017/EES/67/13****frá 1. febrúar 2017**

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar vinnslubreytur fyrir ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgas eða moltu, skilyrði fyrir innflutningi á gæludýrafóðri og fyrir útflutningi á unnum húsdýraábúði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾, einkum 15. gr. (c-liður 1. mgr.), 27. gr. (g-liður), 41. gr. (3. mgr.) og 43. gr. (önnur undirgrein 3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. vinnslubreytur fyrir ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgas eða moltu, skilyrði fyrir setningu á markað á innfluttu gæludýrafóðri og reglur um útflutning efna í 2. flokki.
- 2) Í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settir fram staðlar fyrir ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgas og moltu. Í samræmi við b-lið 3. liðar í 2. þætti III. kafla í V. viðauka er lögbæru yfirvaldi heimilt, við tiltekin skilyrði, að leyfa sértækar kröfur, aðrar en þær sem settar eru fram í III. kafla.
- 3) Í slíkum tilvikum ætti hins vegar eingöngu að setja meltunarleifar og moltu á markað í aðildarríkjum þar sem aðrar ummyndunarvinnslubreytur hafa verið leyfðar. Í því skyni að veita lögbæru yfirvaldi nauðsynlegan sveigjanleika við setningu reglna um lífgas- og myltingarstöðvar, sem um getur í 3. lið í 2. þætti III. kafla í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, er rétt að undanskilja frá stöðlunum, sem settir eru fram í 2. lið í 3. þætti III. kafla, þær meltunarleifar og moltu sem aðildarríkin hafa þegar leyft aðrar ummyndunarvinnslubreytur fyrir. Því ætti að breyta V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 4) Aðildarríkin geta eingöngu leyft innflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum frá þriðju löndum sem hafa fengið leyfi. Aðildarríkin geta leyft innflutning á hráu gæludýrafóðri úr aukaafurðum frá fiskveiðum frá löndum utan ESB sem hafa leyfi til innflutnings á lagarafurðum til manneldis í samræmi við II. viðauka við ákvörðun

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtið ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

framkvæmdastjórnarinnar 2006/766/EB⁽¹⁾. Þetta á ekki við um innflutning á unnu gæludýrafóðri úr aukaafurðum frá fiskveiðum. Í því tilliti fellur innflutningur á unnu gæludýrafóðri úr aukaafurðum frá fiskveiðum undir strangari skilyrði en innflutningur á hráu gæludýrafóðri úr aukaafurðum frá fiskveiðum. Rétt þykir að leyfa innflutning á unnu gæludýrafóðri úr aukaafurðum frá fiskveiðum frá öllum löndum utan ESB þaðan sem leyft er að flytja inn hrátt gæludýrafóður úr aukaafurðum frá fiskveiðum. Því ætti að breyta töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

- 5) Útflutningur á unnum húsdýraáburði til brennslu eða förgunar á urðunarstað er bannaður. Í samræmi við 2. og 3. mgr. 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 má hins vegar leyfa útflutning á þessu efni til notkunar í lífsgas- eða myltingarstöðvum að því tilskildu að viðtökulandið sé aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni. Í því skyni að leyfa útflutning á unnum húsdýraáburði og lífrænum áburði, sem inniheldur aðeins unninn húsdýraáburð, er rétt að mæla fyrir um reglur um útflutning á þessum vörum í öðrum tilgangi en til brennslu eða urðunar eða notkunar í lífsgas- eða myltingarstöðvum í löndum sem eru ekki aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni. Þær reglur ættu að innihalda kröfur sem eru a.m.k. jafngildar þeim kröfum sem gilda um setningu á unnum húsdýraáburði og lífrænum áburði, sem inniheldur aðeins unninn húsdýraáburð, á markað. Því ætti að breyta XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011:

„4. Reglurnar, sem settar eru fram í V. kafla í XIV. viðauka, gilda um útflutning frá Sambandinu á þeim afleiddu afurðum sem þar eru tilgreindar.“

2. gr.

Ákvæðum V. og XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við textann í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/766/EB frá 6. nóvember 2006 um skrár yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem innflutningur á samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum, sæsniglum og lagarafurðum er leyfður frá (Stjtíð. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 53).

VIÐAUKI

Ákvæðum V. og XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar í 3. þætti III. kafla í V. viðauka komi eftirfarandi:

„2. Setja skal meltunarleifar eða moltu, aðra en þá sem um getur í b-lið 3. liðar í 2. þætti, sem uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í þessum þætti, aftur í ummyndun eða myltingu og, ef um er að ræða salmonellu, fara með þær eða farga þeim í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds.

2) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla komi eftirfarandi:

„12	Gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein	<p>a) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður og nagbein: efni sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 35. gr.</p> <p>b) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: efni sem um getur í iii. lið a-liðar 35. gr.</p>	Gæludýrafóðrið og nagbeinin skulu hafa verið framleidd í samræmi við II. kafla XIII. viðauka.	<p>a) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.</p> <p>b) Ef um er að ræða nagbein og gæludýrafóður, þó ekki hrátt: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (JP) Japan (EC) Ekvador (LK) Srí Lanka (TW) Taívan. Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður úr efnum úr fiski: þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.</p>	<p>a) Ef um er að ræða gæludýrafóður í dósum: A-liður 3. kafla XV. viðauka.</p> <p>b) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dósum: B-liður 3. kafla XV. viðauka.</p> <p>c) Ef um er að ræða nagbein: C-liður 3. kafla XV. viðauka.</p> <p>d) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: D-liður 3. kafla XV. viðauka.“</p>
-----	-------------------------------	---	---	---	---

b) Eftirfarandi V. kafli bætist við:

„V. KAFLI

REGLUR UM ÚTFLUTNING Á TILTEKNUM AFLEIDDUM AFURÐUM

Reglur sem gilda um útflutning á afleiddum afurðum sem eru tilgreindar hér á eftir eins og um getur í 4. mgr. 25. gr.:

	Afleiddar afurðir	Reglur um útflutning
1	Unninn húsdýraáburður og lífrænn áburður, molta eða meltunarleifar frá ummyndun lífgass sem innihalda engar aðrar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir en unninn húsdýraáburð	Unninn húsdýraáburður og lífrænn áburður, molta eða meltunarleifar frá ummyndun lífgass sem innihalda engar aðrar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir en unninn húsdýraáburð verða a.m.k. að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a-, b-, d- og e-lið í 2. þætti I. kafla í XI. viðauka.“